

N-lax ehf.
Laxamýri
641 Húsavík

Akureyri, 11.11.2024
UST202402-094/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 08.10.2024 - N-lax ehf., Laxamýri ID292

Þann 8. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð N-lax, Laxamýri við Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar skv. gr. 1.5 í starfsleyfi.
2. Ábending er sett fram um að niðurstöðum efnamælinga skal skilað með útreikningum skv. gr. 3.4 í starfsleyfi. Gildi köfnunarefnis og fosfórs þarf að koma fram sem kg/tonn af lífmassaaukningu.
3. Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi vöktunaráætlun skv. gr. 5.1 í starfsleyfi. Skal öll vöktun, sem rekstraraðili á að framkvæma, vera tilgreind í áætluninni og skal hún vera nákvæmari en lýsingin í starfsleyfi.
4. Ábending er sett fram um að huga þurfi betur að lekavörnum í efnageymslu og við olúgeymi vararafstöðvar.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa skv. þeim. **Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið.**
2. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna skv. henni. **Áætlunin er ekki til staðar.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. desember 2024.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur